ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Samfélagsfræði, 10. bekkur

Kennari

Ólafur Eiríkur Þórðarson
olafur.eirikur.thordarson@reykjavik.is

Lýsing

Kennslustundir eru 2x60 mín á viku.
Þessi námskrá er grundvölluð á aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Markmið / inntak

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði.

Í samfélagsfræði er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Samhliða því eru nemendur þjálfaðir í að móta sér lýðræðislegan og gagnrýninn hugsunarhátt. Eitt af markmiðum samfélagsgreina er að nemendur geti aflað sér upplýsinga um lífskjör og stöðu ólíkra hópa út frá meðal annars myndrænum upplýsingum. Nemendur þjálfast í stafrænu læsi með því að leita upplýsinga og öðlist hæfni í að greina og miðla þeim upplýsingum sem þeir afla sér. Sjálfbærni er samspil umhverfis, samfélags og efnahagslegrar þátta og er mikilvægt að nemendur átti sig á samábyrgð samfélagsins í heild sinni. Í samfélagsgreinum eru lýðræði, jafnrétti og mannréttindi stór þáttur og mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir ólíkum skoðunum og gildum.

Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum, þ.e. vinnulag samfélagsgreina sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravitund, saga og jörðin okkar. Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni

Unnið er með valin hæfniviðmið úr þessum flokkum í 10. bekk en áhersla lögð á hæfniviðmið úr flokkunum **Vinnulag samfélagsgreina, Siðferði og trú, Borgaravitund og Sjálfsmynd**

Í hverjum árgangi tekur námið mið af hæfni sem ætlast er til að sé náð í lok 10. bekkjar.

Námsefni

Garðar Gíslason. *Þjóðfélagsfræði, Á ferð um samfélagið*. 2016. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Ljósrit og ábendingar um lestur frá kennara. Efnið sem verður lagt til grundvallar er úr mörgum áttum og reynt að hafa viðfangsefnin sem fjölbreyttust.

Vefir með talnaefni og öðru efni sem tengist viðfangsefnum hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Kennslan verður í formi

fyrirlestra, verkefnavinnu og áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda í hópa- og einstaklingsvinnu. Kennt verður í lotum þar sem mismunandi áhersla er lögð á landafræði, sögu og þjóðfélagsfræði.

Þjóðfélagsfræði. Fjallað verður um sjálfsmynd einstaklingsins, félagslega mótun og félagsleg hlutverk. Nemendur kynna sér uppbyggingu þjóðfélagsins, helstu stofnanir þess, stjórnskipun og völd, bæði formleg og óformleg.

Námsmat

Nám nemenda er metið samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með í hverjum árgangi.

Matsþættir í samfélagsgreinum taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni.

Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum sem falla að beinni þekkingu og hæfni til að nýta þá þekkingu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklings- para- eða hópverkefni.

Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Námsþáttur: Vinnulag samfélagsgreina

- *Við lok 10. bekkjar getur nemandi:*
- *útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina*
- *aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt,*
- *vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna*
- *spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum,*

- *sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum*
- *miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt*
- *tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.*

Námsþáttur: Borgaravitund

- *útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur*
- *þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu,*
- *greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga*
- *útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi,*
- *útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu,*
- *útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag,*
- *skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi*
- *ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.*

Námsþáttur: Siðferði og trú

- *borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði*
- *fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins*
- *túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims*
- *útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.*

Námsþáttur: Sjálfsmynd

- *útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum,*
- *gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði*
- *þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta*
- *rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska,*
- *gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar*
- *borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar*
- *fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar,*
- *beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,*
- *gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.*
